

## FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

2.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn fimmtudaginn 23. janúar 2012, kl: 09.30 í fundarherbergi Ráðhússins.

### Mættir undirritaðir:

**Dagskrá:** Framkvæmd verkefni og verkefni framundan

### Samþykkt að taka á dagskrá:

### Afgreiðslur:

Þann 11. febrúar var 112 dagurinn. Björgunarsveitin og slökkvilið kynnti starfsemi sína og bauð öllum bæjarbúum að taka þátt. Kristín skólahjúkrunarfræðingur fór inn í 4.bekk með fræðslu til nemenda þann 10.febrúar.

Þorablótauglýsingin fór í Sjónaukann eins og ætlað var. Ekki þurfti afskipti lögreglu af ungmennum undir 20 ára á þeim fjórum þorablótum sem haldin voru í sveitarfélaginu..

Tóbaksfræðsla til nemenda er í vinnslu.

Samskiptadagur í mars. Karólína ætlar að skoða námsskeið frá Samfés um samskipti í gegnum netið. Inn í 6H er hægt að skoða ýmislegt varðandi samskipti á netinu og hefur Kristín sýnt nemendum í 6. Bekk það efni. Séra Magnús Magnússon mun vera með almennan fyrirlestur um samskipti og siðferði á samskiptadeginum.

Karólína kynnti nýtt ungmennaráð í Húnaþingi vestra. Í því ráði verður einn unglingur frá æskulýðsráði kirkjunnar , fjórir 14-16 ára fulltrúar og tveir 16-18 ára fulltrúar. Karólína Gunnarsdóttir er starfsmaður ráðsins. Ungmennaráðið fékk 500.000 króna fjárveitingu frá sveitarstjórn Húnaþings vestra.

10. bekkjar dagur. Áhugasviðskönnun frá FNV. Lífið eftir grunnskólann, ýmsar kynningar.

Sigurður mun skipuleggja þennan dag ásamt Karólínu.

Rætt um dreifnámið, forvarnarhópur leggur til að það komi auglýsing í Sjónaukanum um leið og skráning fyrir námið opnar. Nauðsynlegt að koma því á framfæri að námið er fyrir alla sem vilja hefja framhaldsnám.

### Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 10.18

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign) Karólína Gunnarsdóttir(sign)  
Kristján Þorbjörnsson(sign)boðaði forföll Magnús Magnússon(sign)  
S. Kristín Eggertsdóttir(sign) Sigurður Þór Ágústsson(sign)